

Ríkisábyrgðir 2004

Heildarstaða ríkisábyrgða á lánum í lok árs 2004 var tæplega 567 ma.kr. og hafði hækkað um tæplega 32 ma.kr. frá fyrra ári. Af heildartölu lána með ríkisábyrgð eru tæplega 63 ma.kr. eða 11% í erlendum gjaldmiðlum.

Nýjar ríkisábyrgðir á fjórða ársfjórðungi ársins voru eingöngu til handa Íbúðalánasjóði og námu 9 ma.kr. Nýjar ríkisábyrgðir vegna ársins í heild voru eingöngu bundnar við lántökur sjóða í eigu ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og stofnana og fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs. Ábyrgðirnar námu alls tæplega 87,2 ma.kr. og voru til sex aðila, Byggðastofnunar, Farice, Íbúðalánasjóðs, Landsvirkjunnar, Lánasjóðs landbúnaðarins og Ríkisútvarpsins. Lántökur Íbúðalánasjóðs, Lánasjóðs landbúnaðarins og Byggðastofnunar að hluta voru innan lands en lántökur Farice, Landsvirkjunar, Ríkisútvarpsins og hluta Byggðastofnunar voru erlendis. Innendar lántökur námu alls tæplega 64 ma.kr. en erlendar lántökur námu rúmlega 23 ma.kr.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu er stærstur hluti ríkisábyrgða á lánum vegna C-hluta ríkissjóðs, tæplega 491,8 ma.kr. eða 87%. Þar er stærstur Íbúðalánasjóður með rúmlega 464,2 ma.kr. eða 82%, en öll útgefin HFF-bréf, húsbref og húsnæðisbref eru með ríkisábyrgð.

Ábyrgðir vegna ríkisfyrirtækja í B-hluta ríkissjóðs námu tæplega 7 ma.kr.

Ábyrgðir vegna sameignar- og hlutafélaga í E-hluta ríkissjóðs námu tæplega 54,4 ma.kr. í lok ársins og ríkisábyrgðir vegna sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra námu rúmlega 1,7 ma.kr. Ábyrgðir vegna sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra eru á lánum vegna hitaveituframkvæmda. Ábyrgðir sem falla undir skilgreininguna "Annað" námu tæplega 11,8 ma.kr. en í þeim flokki eru m.a. ábyrgðir til fyrirtækja og viðskiptabanka sem áður voru í eigu ríkisins en hafa nú verið seld og ábyrgðir til annarra einkafyrirtækja.

Aukningu á ríkisábyrgðum undanfarin ár má að mestu rekja til aukningar á lánum Íbúðalánasjóðs sem fellur undir C-hluta ríkissjóðs en hlutfall Íbúðalánasjóðs af heildartölu ríkisábyrgða hefur hækkað úr 65% árið 1997 í um 82% við lok ársins 2004.

Á undanförunum árum hafa ríkisábyrgðir á lánum aukist talsvert hraðar en verg landsframleiðsla (VLF) og námu þær um 65% af VLF nú í lok árs 2004. Ríkisábyrgðir á lánum sem hlutfall af heildarskuldum ríkissjóðs hafa einnig aukist og námu 217 % á sama tíma.